

að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jens Arnbjarnarson sæti 2 ára betrunarhúsvinnu. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður að því er ákærða áhrærir. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gislasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 42/1907:

Sveinn Jónsson
gegn

Birni Símonarsyni og
Krisjáni B. Guðmundssyni.

D ó m u r :

Hinn 2. júlímánaðar þ. á. var í gestarétti Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðinn dómur í máli milli Sveins Jónssonar bónda á Vatnsenda sem sækjanda og Björns

Simonarsonar og Kristjáns B. Guðmundssonar sem verjanda á þá leið, að verjendur skyldu in solidum greiða til sækjanda 3000 kr. með 5% vöxtum frá 31. maí 1906 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað. Kand. jur. Karl Einarsson var dæmdur til að greiða 30 kr. sekt, helminginn í landssjóð og helminginn í fátækra-sjóð Reykjavíkur.

Þessum dómi hefir Sveinn Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. sept. þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði staðfestur að því er aðalefni hans snertir og að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi. Hinir stefndu, Björn Simonarson og Kristján B. Guðmundsson, sem hafa látið mæta fyrir yfirdóminum, hafa eigi gagnáfrýjað gestaréttardómnum og verður því að taka staðfestingarkröfu áfrýjanda til greina. En með því að eigi verður séð, að hann hafi haft neitt tilefni til að áfrýja málinu, verður málskostnaðarkröfu hans eigi veitt áheyrn, og verður málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.